# Sunnudagshugleiðing.

*„Ert þú sá sem koma á, eða eigum vjer að vænta annars?* Matth. 11, 2—10.

Guðspjallagreinarnar, sem til er vitnað hjer að ofan segir frá Jóhannesi skírara í fangelsinu. Þar varð þessi Guðs þjónn að sitja fyrir það, að hann hafði boðað sannleikann um komu Krists. Og hann efast. Ekki um það, að hann hafði boðað sannleika, heldur um það, hvort sá sem kominn væri í heiminn væri Kristur, eða hvort hann ætti að vænta annars. Og hann gerir menn á fund Jesú sjálfs. Og Jesús svarar sendimönnunum: „Farið og kunngjörið Jóhannesi það sem þjer heyrið og sjáið: Blindir fá sýn, haltir ganga, líkþráir hreinsast og daufir heyra og dauðir upp rísa og fátækum er boðað fagnaðarerindi. Og sæll er sá, sem ekki hneyxlast á mjer“. Jesús vill lækna vin sinn af öllum efa, með því að láta hann heyra um kraftaverkin, sem hann hafði gert.

Við lifum á tímum efasemdanna. Og efunarmönnum má einkum skifta í tvo flokka: þá, sem láta sig efunarefnið einu gilda og þá, sem efinn bakar hugarangur. Meðal hinna fyrnefndu eru margir, sem efast um flest eða alt. Þeir fleygja fyrir borð öllu því sem heilagt er, þeir þykjast lifa í skoðun en ekki trú. Fyrir þessum mönnum er enginn sannleikur til nema sá sem þreifað verður á. Biblían er skáldskapur, Jesús er ekki Guðs sonur og þar fram eftir götunum. Þeir, sem ekki vilja ganga svo langt, trúa því sem þeim þykir trúlegast en hafna hinu. Þessi stefna er mjög ríkjandi, eigi aðeins í trúmálum heldur og í öðrum efnum. Í skólunum hittast fyrir kennarar, sem þykjast menn að meiri fyrir það, að útbreiða efann í hjörtum barnanna, og í þessum flokki kennara eru jafnvel menn, sem settir hafa verið kennarar í trúarbrögðum. Og unglingarnir ganga út í lífið með efann efst í huga sjer, efann um alt og alla. Í prjedikunarstólunum eru prestar sem eru efunarmenn. Prestar, sem settir eru til þess að verða sálusorgarar safnaðar síns og gefa hreldum huggun. —

Veri drottinn miskunnsamur öllum þeim efunarmönnum, sem þjást vegna efa síns. Þeir eru sjúkir menn, sem aðeins trúin getur læknað. Og þessir menn efast um svo margt, að ógjörningur væri að fara út í einstök atriði. En það er til örugg leið út úr þessari kvöl efasemdanna, leið sem margir hafa reynt og allir hafa haft gott af að reyna. Að fara eins að og Jóhannes gjörði. Gera boð til Jesú. Tala við hann um efasemdirnar. Segja honum hvað það er, sem þeir efast um. Farir þú þessa leið þarftu ekki að efast um, að Jesús hjálpar þjer. Hann bregst aldrei þeim, sem hans hjálpar leita.

Far þú þessa leið og þá munt þú komast í tölu þeirra sem þakka honum fyrir, að hann ljetti af þjer oki efasemdanna og opnaði fyrir þjer sælulíf hins trúaða.



SIGHVATUR BJARNASON *fyrv. bankastjóri verður sjötugur 25. þ. m. Er hann fæddur í Reykjavík og hefir alið hjer allan aldur sinn og kemur mikið við sögu Reykjavíkur á því tímabili, sem bærinn hefir tekið meiri og skjótari stakkaskiftum en ef til vill nokkur borg á norðurlöndum. Um fermingaraldur varð hann aðstoðarmaður á skrifstofu Hilmars Finsens landshöfðingja og var á skrifstofunni meira en áratug, til 1885. Þegar Landsbankinn var stofnaður var Sighvatur ráðinn bókari hans og dvaldi hann þá erlendis um stund og kynti sjer bankastörf. En Landsbanka-bókari var hann til 1904 er hann varð bankastjóri í Íslandsbanka, er þá var nýstofnaður. Gegndi hann því starfi til 1921, er hann varð að láta af því vegna þrálátra veikinda er höfðu þjáð hann síðasta árið. Sighvatur hafði þá um 35 ára skeið gegnt ábyrgðarmiklum störfum í báðum aðalbönkum landsins og má fullyrða, að enginn maður hafi verið kunnugri fjármálum þjóðarinnar en hann.*

*Meiri starfsmann en Sighvat Bjarnason getur varla. Hann var barn að aldri þegar hann fór að vinna og átti því ekki kost á að afla sjer skólamentunar, en frístundum sínum — sem voru styttri þá en nú tíðkast hjá unglingum, varði hann til þess að afla sjer svo góðrar mentunar, að löng skólaganga hefði ekki gefið hana meiri nje betri. Jafnframt aðalstarfi sínu hefir hann jafnan haft ýmsum trúnaðarstörfum að gegna, en þrátt fyrir allar annir ljúka þeir sem til þekkja upp einum munni um, að alt sje í góðum höndum, sem í hans höndum er. Meira ljúfmenni í daglegri framkomu en Sighvat Bjarnason, getur ekki.*

*Á síðasta ári varð hann fyrir slæmu áfalli, er ekið var á hann á götu, svo að hann stórmeiddist. Hefir hann nú náð sjer að mestu eftir það áfall.*

*Hjer að ofan birtist nýjasta myndin af Sighvati bankastjóra og frú hans, Ágústu Sigfúsdóttur.*

# UM VÍÐA VERÖLD.

## Tvíburarnir.

Amerika er land „þess mesta“ — alt er best hjá þeim. „Mest í heimi og best í heimi“. Bandaríkjamenn segja þetta sjálfir svo það hlýtur að vera satt. Því Ameríkumenn eru orðvarir menn — einkum þegar þeir eru að hrósa sjálfum sjer.

Bandaríkin eru m. a. land tvíburanna. Þar fæðast svo margir tvíburar, að menn hafa stofnað sjerstaka skóla, þar sem aðeins tvíburum er kent. *Og um tvíburana eru margar* merkilegar sögur til. T. d. þessi:



Fyrir tveimur árum bjuggu tvíburasystur í New York, undur friðar báðar. Önnur hjet Katrín og hin Elísabet. Þær voru svo líkar, að erfitt var að þekkja þær í sundur. Til þess að aðgreina sig tóku þær upp á því að gifta sig. Þær trúlofuðust báðar en foreldrunum líkuðu ekki tengdasynirnir, svo að þær flýðu að heiman.

Þær flúðu saman því að þær vildu ekki skilja. Fóru til smábæjar í Connectitut, en þar biðu unnustarnir. Þau voru gefin saman, en presturinn var að því kominn að hafa hausavíxl á þeim. Og svo urðu þær að skilja í fyrsta sinni á æfinni. Þorðu ekki að vera saman, svo að mennirnir þeirra viltust ekki á þeim.

Fyrir nokkru voru báðar systurnar fluttar á sömu fæðingarstofnun í New York. Kl. 11 daginn eftir fæddi önnur, frú Johnson, son, og korteri síðar fæddi frú Mucklaby son. Börnin voru svo lík, að mæðrunum kom saman um að gera úr þeim — tvíbura!

## Fjársjóðir soldánsins.

Fyrir skömmu ljet rússneska stjórnin halda uppboð í Berlín á ýmsum gripum frá Rússakeisara og öðrum tignum mönnum. Nú á að fara að halda annað uppboð, sem tekur fram hinu fyrra, því innan skamms koma krúnudýrgripir soldánsins í Miklagarði undir hamarinn í London.

Þessir gripir eiga hvergi sinn líka. Virðingarmennirnir hafa metið þá á 400 miljón krónur og það er talið lágt mat. Og þó efast menn um, að mögulegt verði að selja gripina fyrir þetta verð. Til þess að halda verðinu uppi er ráðgert að láta bjóða aðeins lítinn hluta þeirra upp í einu, svo að „framboðið“ verði ekki of mikið. —

Auk gulls og gimsteina er afar mikið af allskonar postulínsgripum í safni soldánsins, og eitt mesta safn af klukkum og úrum, sem til hefir verið í einstaks manns eigu. Klukkurnar einar fylla mörg herbergi.

Smaragðar eru með dýrmætustu gimsteinum sem menn þekkja en í safni þessu er einn stærsti smaragðsteinninn sem til er í heimi og auk þess smærri svo hundruðum skiftir. Verðmætustu rúbínarnir eru á stærð við þjóðfrægustu Eyvindarkartöflur. Þá eru demantarnir nær óteljandi.

Soldánar Tyrkja voru skartsjúkari menn en nokkrir aðrir þjóðhöfðingjar í Evrópu og stóðu lítið af baki hinum fornu stórfurstum í Indlandi. Er eigi ólíklegt, að kvennahald þeirra hafi átt nokkurn þátt í, að þeir söfnuðu að sjer skartgripum.

## Hugrökk kerling.

Þýsk kona, sem heitir frú Pfeiffer, er fyrir skömmu komin heim úr ferð sem hún fór til Nigeríu í Afríku. Þar lifa mannætur, og aðalerindi konunnar var það, að kynnast siðum og háttum þessara sælkera, sem jeta hvíta menn með betri lyst en við lifraða kúttmaga eða þesskonar sælgæti.

Ein hvítra manna sótti hún þessa matháka heim, en hafði með sjer 18 burðarmenn innfædda. Hefir enginn hvítur maður komið á þær slóðir sem hún fór um, síðan Dani nokkur hætti sjer þangað. Hann kom aldrei aftur. En frú Pfeiffer kom heilu og höldnu, án þess að nokkur glefsaði í hana, hvað þá meira. Þykir þetta hin mesta furða, og er erfitt að útskýra það nema á þann eina veg, að hún sje svo skorpinn, að mannæturnar hafi haldið að hún mundi óæt.




»Þú ert í ljómandi skapi í dag!

*Hefirðu unnið í happdrættinu!“ —*

*„Já, að vissu leyti! Jeg gat varla hangið saman — taugarnar skilurðu — svo ráðlagði læknirinn mjer að reyna 4 vikna Sanatogen-notkun. Það varð mjer að happi. Nú er jeg aftur í fullu fjöri“.*

Kunnir læknar ráðleggja í yfir 25.000 skriflegum upplýsingum að nota

**styrkingar- og taugahressingarlyfið**

**Sanatogen**

af því að það myndar á eðlilegan hátt **orkuviðbót** fyrir vöðva og taugar.

Fæst í öllum lyfjabúðum fyrir frá kr. 1.85.

Óskist frekari upplýsingar þá útfyllið miðann og sendið hann til **A/S Sanatogen Co. Sct Jörgensallé 7, København V.**

Sendið mjer ókeypis og burðargjaldsfrítt:

**Sanatogen-sýnishorn og bækling.**

Nafn: ..........

Staða: ..........

Heimili: ..........